


Afleiðingar aukinna skattaálaga

Auknar skattaálögur virðast hafa mikil áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja sem tilheyra Félagi atvinnurekenda. 52% þátttakenda í könnun sem framkvæmd var í janúar segja fyrirtæki sitt hafa þurft að grípa til hægræðingaraðgerða beinlínis vegna aukinna skattaálaga. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem tilheyra flokki lön-, rekstrar-, byggingar- og rafvöru-fyrirtækja. Þá er einnig algengt að fyrirtæki á matvæla- og áfengismarkaði telji auknar skattaálögur skaðlegar.



Heimóttarskapur

„Nú er Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með allt á hornum sér af því að það er möguleiki á að eitthvert kínverskt fyrirtæki kaupi hlut í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki. Ég hef ekki heyrt ráðherrann gagnrýna Samherja fyrir það að fjárfesta rækilega í fiskveiðiheimildum í Evrópusambandslöndum eins og þeir hafa gert. Það virðist því vera allt í lagi að við deilum og drottnum annars staðar en aðrir eiga að gjöra svo vel að láta okkur í friði. Mig minnir að Laxness hafi kallað þetta heimóttarskap og ég held því fram að við höfum ekki efni á svona hugsunarhætti.

Við erum lítið land og mjög háð samskiptum við aðrar þjóðir og ég verð mjög mikið var við að fólk í viðskiptum hefur miklar áhyggjur af þessu. Þá er ég alls ekki að tala um Icesave eða auðlindanotkun, heldur prinsippmál sem tengjast fjárfestum.

Auðvitað er það fráleit hugmynd að Jón Bjarnason bregði fæti fyrir Samherja á einhvern hátt við fjárfestingar erlendis, en ef ráðherrann vill ekki að erlend fjárfesting komi hér inn í íslenskan sjávarútveg, þá á hann að vera samkvæmur sjálfum sér og tryggja að við fjárfestum ekki í sjávarútvegi erlendis. Ef hann sem landbúnaðarráðherra leggur áherslu á að við flytjum út landbúnaðarafurðir með opinberri aðstoð, þá á hann að vera samkvæmur sjálfum sér með því að leggja ekki himinháa tolla á kjöt eða aðrar landbúnaðarafurðir sem menn vilja flytja inn til Íslands. Menn eru þarna í bullandi mótsögn við sjálfa sig.“